

Reykjavík 12. nóvember 2018

Akraneskaupstaður  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
2.20.3	ASO	16. NOV. 2018
Abm.	Urv. aðili	Málsnr. One
SFP	St. A	1811133

Efni: Bréf Borgarbyggðar varðandi kjör í stjórn Faxaflóahafna sf.

Á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. þann 9. 11. s.l. var m.a. tekið fyrir bréf Borgarbyggðar dags. 15.8.2018 varðandi kjör í stjórn Faxaflóahafna sf. Stjórnin samþykkti að vísa erindinu til eigenda félagsins.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Meðfylgjandi:  
Bréf Borgarbyggðar dags. 15.8.2018

Samrit:  
Hvalfjarðarsveit  
Reykjavíkurborg  
Skorradalshreppur  
Borgarbyggð



# BORGARBYGGÐ

Akraneskaupstaður



Faxaflóahafnir sf

Tryggvagötu 17  
101 Reykjavík

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
		16. NOV. 2018
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One

Skjalasafn  
Faxaflóahafna sf.

17. ÁGÚ. 2018

Mótt.:  
Bréfalykill:

Borgarnesi, 15. ágúst 2018  
1807018 GAJ

Efni: Kjör í stjórn Faxaflóahafna

Í fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna sem haldinn var þann 27. júní sl. er eftirfarandi bókað:

„Lýsing á kjöri stjórnar:

Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Borgarbyggð tilnefndi sem aðalmann Maríu Júlíu Jónsdóttur og sem varamann Lilju Björgu Ágústsdóttur. Skorradalshreppur tilnefndi Árna Hjörleifsson sem annað hvort aðal- eða varamann í stjórnina. Árni Hjörleifsson upplýsti að Skorradalshreppur væri ásáttur með að hafa áheyrnarfulltrúa í stjórn félagsins. Gunnlaugur A. Júlíusson frá Borgarbyggð lýsti afstöðu sveitarfélagsins til þeirrar stöðu sem uppi er.

Að tillögu fundarstjóra var samþykkt að Borgarbyggð og Skorradalshreppur væri gefinn stuttur frestur til að tilnefna sameiginlega fulltrúa í stjórnina. Endurnýjuð tillaga Skorradalshrepps um áheyrnarfulltrúa hreppsins í hafnarstjórn var vísað til eigenda félagsins.“

Í sameignarfélagssamningi sem undirritaður er af eigendum Faxaflóahafna þann 18. september 2012 kemur eftirfarandi m.a. fram um skipan stjórnar:

„...Borgarbyggð og Skorradalshreppur tilnefna sameiginlega einn stjórnarmann. .... Varamenn skulu kosnir/tilnefndir á sama hátt og aðalmenn“.

Í sameignarfélagssamningnum er ekkert kveðið á um hvað skuli til bragðs taka ef ekki næst samkomulag milli fyrrgreindra sveitarfélaga um tilnefningu aðalmanns og/eða varamanns í stjórn Faxaflóahafna.

Í kjölfar þeirrar stöðu sem upp kom á aðalfundi Faxaflóahafna þann 27. júní sl. sem varðar stjórnarmann Borgarbyggðar og Skorradalshrepps var haldinn fundur forsvarsmanna sveitarfélaganna þann 3. júlí sl.. Á fundinn mættu f.d. Borgarbyggðar forseti sveitarstjórnar, formaður byggðarráðs og sveitarstjóri. F.h. Skorradalshrepps mættu oddviti sveitarstjórnar og Pétur Davíðsson, kjörinn sveitarstjórnarfulltrúi.

Á fundinum var áðurgreind staða þess máls sem kom upp á við stjórnarkjör Faxaflóahafna rædd en án niðurstöðu. Sveitarstjóra Borgarbyggðar var falið að upplýsa stjórn Faxaflóahafna um fundinn og niðurstöðu hans.


Því þykir rétt að kynna stöðu málsins fyrir stjórn Faxaflóahafna. Það er óviðunandi fyrir Borgarbyggð að hafa ekki eðlilegt aðgengi að setu í stjórn fyrirtækisins í ljósi eignarhluta síns í því vegna þess að ekki er kveðið á um það í fyrrgreindum sameignarfélagssamningi hvað gerist ef ekki næst samkomulag milli sveitarfélaganna um skipan aðal- og varamanns.

Rétt er að áréttu eignarhlutfölli aðildarsveitarfélaganna í þessu sambandi:

Reykjavíkurborg: 75,5551%  
Akraneskaupstaður: 10,7793%  
Hvalfjarðarsveit: 9,3084%  
Borgarbyggð: 4,1356%  
Skorradalshreppur: 0,2216%

Borgarbyggð leggur því áherslu á að tilnefning sveitarfélagsins um skipan aðal- og varamanns standi óbreytt þar til umræða hefur farið fram innan stjórnar og eigendahóps Faxaflóahafna um fyrrgreint orðalag í sameignarfélagssamningi Faxaflóahafna eða á annan hátt greitt úr þeirri stöðu sem upp er komin. Miðað við framanskráð skipti á eignarhlutum og nauðsynlegrar hagsmunagæslu sveitarfélagsins í þessu sambandi er það eðlilegt að mati Borgarbyggðar að sveitarfélagið hafi óhindrað aðgengi að stjórnarsetu í Faxaflóahöfnum í samræmi við eignarhlut síns í fyrirtækinu.

Að lokum má benda á að eðlilegt er að síendurtekin ósk Skorradalshrepps um að fá áheyrnarfulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sé tekin til umræðu meðal eigenda fyrirtækisins í þessu sambandi. Með fylgir bókun Skorradalshrepps þessa efni frá árinu 2016.

  
Virðingáhrif  
Gunnlaugur A. Júlíusson  
sveitarstjóri

*Tillaga til eigenda Faxaflóahafna*

3/3 2016

***Hreppsnefnd Skorradalshrepps vill vekja athygli á því að Skorradalshreppur hefur allrei átt fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna, þó svo hann eigi að eiga sameiginlegan fulltrúa með Borgarbyggð. Við teljum að við séum frekar afskipt í þessum málum og bendum á að til dæmis eru starfsmenn með fulltrúa í stjórn og Akraneskaupstaður með áheyrnarfulltrúa, ásamt aðal fulltrúa. Við höfum mikin áhuga á að kom meir að málum Faxaflóahafna og leggjum því fram þessa ósk og tillögu okkar.***

***Skorradalshreppur leggja hér fram tillögu til eigenda Faxaflóahafna. Að Skorradalshreppur fái einn áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Faxaflóahafna og sé hann fulltrúi Skorradalshrepps með málfrelsi og tillögurétt á fundum. Jafnframt falli niður það ákvæði að Skorradalshreppur og Borgarbyggð tilnefni sameiginlega fulltrúa í stjórn.***

